

**Nd.**

## **22. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Gylfi P. Gíslason.

1. gr.

52. gr. laga nr. 115 1936 orðist svo:

Þingflokkur er heimilt að óska þess, að hluta af umræðum um þingmál sé útvarpað, og skulu þingflokkar þá hafa rétt til jafnlangs ræðutíma, og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig, að flokkarnir skiptist á. Við útvarps- umræðu gilda ekki ákvæði 35. gr. um málfrelsi ráðherra.

Nú er þingflokkur klofinn um afstöðu til máls, og sé því lýst yfir við forseta, skal þeim skylt að gefa minni hlutanum eða minni hlutunum kost á að gera grein fyrir afstöðu sinni í allt að þriðjungi af ræðutíma flokksins, en þó aldrei lengri hluta af heildartíma hans en svarar til þess, hversu tala þingmanna í minni hlutanum er mikill hluti af heildartölu þingmanna flokksins.

Rétt skal þingmönnum utan flokka að eiga þátt í útvarpsumræðum, þó þannig, að enginn þeirri fái lengri tíma en helming þess, er hver þingflokkur hefur til umráða, og ekki skulu þingmenn utan flokka, ef fleiri eru en tveir, fá lengri tíma samanlagt við útvarpsumræðu en hver einstakur þingflokkur.

2. gr.

Upphaf 55. gr. laganna orðist svo:

Nú óskar þingflokkur, að hluta af umræðu verði útvarpað . . .

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Seint í september síðast liðnum voru þingmenn, svo sem kunnugt er, kvaddir saman með mjög stuttum fyrirvara til þess að fjalla um þáttill. frá forsætisráðherra um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að gera samning við Bandaríkin um afnot Keflavíkurflugvallarins o. fl. Fyrirvarinn var svo stuttur, að ýmsir þingmenn komust ekki til þings í tæka tíð, en mjög fáir munu hafa vitað, að slíkrar till. væri von, fyrr en hún var lögð fram. Ég var erlendis, er ég fékk boðin, kom heim með fyrstu flugferð, sem völ var á, en náði þó ekki fyrri umræðu málsins.

Nokkrir dagar urðu milli þessarar umræðu og hinnar síðari, svo að tóm gafst til að athuga þáttill. Í ljós kom, að þingflokkur Alþýðufl. var klofinn um málið. Þriðjungur hans treysti sér ekki til þess að fylgja sammingsuppkastinu óbreyttu. Við 3. landsk. þm. ákváðum að flytja brtt. við þáttill. og lögðum hana fram. Nokkru síðar var það afráðið, að síðari umræðu um málið skyldi útvarpað. Við flutningsmenn brtt. fórum þess á leit að fá að gera grein fyrir þessari till. okkar í ræðutíma flokks okkar, en var synjað um það. Við áttum þess heldur ekki kost, að fá lesna yfirlýsingu um sérstöðu okkar í málinu. Í ræðutíma Alþýðufl. kom það því hvergi fram, að skoðanir þingmanna hans á málinu væru skiptar.

Þegar ljóst varð, að við gætum ekki skýrt brtt. okkar við útvarpsumræðuna, þótti okkur rétt að fá úr því skorið, hvort umræðunni mundi ekki halda áfram að útvarpi loknu, svo að við gætum þó a. m. k. mælt með henni við þingheim, og beindi ég fyrirspurn þess efnis til forseta, áður en útvarpsumræðan hófst, en sams konar tilmæli komu og frá tveim öðrum þingmönnum. Forseti felldi þann úrskurð, að engar umræður yrðu leyfðar að útvarpi loknu. Ég vil ekki staðhæfa, að þessi úrskurður hafi verið rangur, en hitt vil ég segja, að hann hafi verið ranglátur. Hann

hafði það í för með sér, að flni. brtt. gátu enga grein gert fyrir þeim. Við 3. landsk. þm. kynntum okkur þá, hvort við gætum skrifað greinargerð með till. okkar, en var tjáð, að það væri ekki hægt. Við gátum m. ö. o. engum skýringum komið á framfæri á till. okkar. Úrskurðurinn þýddi og, að ég átti þess aldrei kost að taka til máls um þetta höfuðmál, er fyrir þinginu lá, og hið sama gilti um þá þingmenn aðra, sem ekki gátu komið nógu snemma til þings til þess að vera viðstaddir fyrri umræðu málsins og ekki áttu þess kost að tala í ræðutíma flokks síns við síðari umræðuna.

Ég tel, að hér hafi það gerzt, sem ekki megi gerast öðru sinni. Ef túlka á gildandi þingsköp áfram á þann veg, að sé umræðu útvarpað, þá megi engar aðrar umræður eiga sér stað um málið við þá sömu umræðu, er auðséð, að af getur hlotizt mikil skerðing á málfrelsi þingmanna. Flokkur, sem vildi koma í veg fyrir, að tiltekinn þingmaður talaði við t. d. síðustu umr. máls, þyrfti þá ekki annað en að óska útvarpsumræðu og ákveða, að aðrir skyldu tala en hann, og væri honum þá varnað máls. Ég hef því lagt til í þessari brtt. við þingsköpin, að skýrt sé kveðið á um, að útvarpsumræða sé aðeins hluti af umræðu, þ. e. a. s. að venjulegar umræður geti átt sér stað, hvort heldur sem er á undan eða að loknu útvarpi.

Þetta er annað aðalatriði þessa frumvarps. Hitt miðar að því að veita minni hlutum flokka rétt á að gera grein fyrir afstöðu sinni við útvarpsumræðu, ef flokkur er ekki einhuga um afgreiðslu máls. Sumir kunna að telja það óeðlilegt, að flokkur sé nokkru sinni klofinn, og enn óeðlilegra að taka nokkurt tillit til minni hlutans. Þeim, sem skilið hafa eðli lýðræðis, er ljóst, að borgarar sérhvers þjóðfélags hafa að einhverju leyti ólíkra hagsmuna að gæta og aðhyllast ólíkar hugsjónir um þjóðfélagsmál, og hljóta þess vegna að skiptast í stjórnmalaflokka, ef ríkisvaldið hindrar ekki myndun þeirra. Heil þjóð verður aldrei sammála um lausn allra stjórnmalá viðfangsefna sinna. Þeir, sem fylgja ákveðnum stjórnmalaflokki, eru hins vegar auðvitað sammála um þau meginatriði, sem hann er myndaður til þess að veita brautargengi, en þar með er auðvitað ekki sagt, að þeir hljóti að vera sammála um allt, sem snertir stjórnmal, og engum dettur í hug, að þeir hljóti að vera sammála um það, sem er stjórnmalum óviðkomandi. Það er því augljóst, að engin ástæða er til þess að ætla, að þingflokkarnir séu jafnan algerlega sammála innbyrðis um öll þau mál, er koma til kasta Alþingis. Hitt er svo annað, hvort ástæða þykir til að gera ráðstafanir til þess að tryggja minni hlutum flokka á þinginu nokkurn sérstakan rétt. Það er misskilningur á eðli lýðræðis, að það sé fólgið í því einu, að meiri hluti ráði. Er ekki augljóst, að það væri andstætt hugsjón lýðræðisins, ef meiri hluti beitti valdi sínu til kúgunar á minni hluta?

Lýðræði er engu síður fólgið í því að vernda rétt minni hl., og virðing fyrir honum er eitt af aðalsmerkjum sanns lýðræðishugarfars. Sá flokkur eða þeir flokkar, sem eru í minni hluta í þinginu, njóta víðtækra réttinda. Þeir hafa t. d. jafnlangan ræðutíma við útvarpsumræður og sá flokkur eða þeir flokkar, sem eru í meiri hluta. Utanflokkmenn njóta og mjög víðtæks réttar við slík tækifæri. Og er þá sanngjarnt eða skynsamlegt að meina minni hluta, sem myndast í flokki í tilteknu máli, alls réttar?

Ég hef hér lagt til, að klofni flokkur um afstöðu til máls, skuli ræðutíma hans við útvarpsumræður skipt hlutfallslega milli meiri hlutans og minni hlutans, en þó þannig, að minni hlutinn fái aldrei meira en þriðjung ræðutímans, enda finnst mér rétt, að það sé fyrst og fremst rödd meiri hlutans, sem heyrir, þótt ég telji hitt rangt, að rödd minni hlutans sé kæfð með öllu. Ég álit þingsköpin, eins og þau eru nú að þessu leyti, ekki reist á traustum lýðræðisgrundvelli. Það er höfuðmarkmið þessa frv. að stuðla að því, að svo geti orðið.